

Svar

heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um endurgreiðslur fyrir tannlæknaþjónustu.

1. *Hver voru árleg útgjöld Tryggingastofnunar og fjöldi þeirra sem fékk endurgreiðslu á tannlæknaþjónustu sl. þrjú ár og hver hefðu þau orðið ef gjaldskrá Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar hefði fylgt verðlagsþróun? Útgjöld óskast aðgreind eftir hópum í samræmi við lög og reglur þar að lútandi.*

Tafla 1. Útgjöld eftir hópum.

	2000	1999	1998
Börn og unglíngar 17 ára og yngri, 60–100%	500.138.424	479.900.032	457.848.463
Elli- og örorkulífeyrisþegar á stofnunum, 75–100%	32.799.215	33.006.906	22.669.761
Elli- og örorkulífeyrisþegar með tekjutryggingu, 50–75%	202.171.376	186.867.447	129.850.031
Elli- og örorkulífeyrisþegar án tekjutryggingar, 50%	46.349.732	37.988.505	
Börn í umönnunarflokkum 1–3 og andlega þroskahamlaðir á vistheimilum og sambýlum, 90%	11.080.756	11.280.390	5.968.205
	792.539.503	749.043.280	616.336.460
Tannlækningar vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa, skv. 33. gr. almannatryggingalaga			
Tannréttingar	127.428.826	133.987.451	119.708.788
Aðrar tannlækningar en tannréttingar	42.018.179	43.643.983	40.926.678
	169.447.005	176.631.434	160.635.466
	961.986.508	925.674.714	776.971.926

Tafla 2. Fjöldi sjúklinga eftir hópum.

	2000	1999	1998
Börn og unglíngar 17 ára og yngri	47.497	46.784	46.103
Örorkulífeyrisþegar	4.208	3.443	2.935
Ellilífeyrisþegar	8.485	7.558	4.891
Börn í umönnunarflokkum	627	606	185
Andlega þroskahamlaðir á vistheimilum og sambýlum	274	263	277
	61.091	58.654	54.418

Tafla 3. Hækkunir verðlags, fjölda sjúklinga og útgjalda Tryggingastofnunar eftir árum í %.

Ár	Verðlag	Fjöldi sjúklinga	Útgjöld Tryggingastofnunar vegna tannlækninga
1998	1,32	–	–
1999	5,79	7,78	19,13
2000	3,52	4,15	3,92

Taflan sýnir hækkun verðlags um tæp 11% á tímabilinu, sjúklingum fjölgaði um 12,3% en útgjöld Tryggingastofnunar vegna tannlækninga jukust um 23,8% á sama tíma. Þannig séð má segja að í heild rúmist útgjöld Tryggingastofnunar innan verðbreytinga á þessu tímabili. Útgjaldaaukning stofnunarinnar á því tímabili sem spurt er um er meiri en sem nemur hækkun verðlags og fjölgun sjúklinga á sama tíma.

Ef gjaldskrá Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins, sem í gildi var á árinu 1998, hefði fylgt verðlagsþróun allan þann tíma sem spurt er um hefði þurft að koma til gjaldskrárbreyting í upphafi ársins 2000 í samræmi við verðlagsbreytingar ársins á undan, sem urðu 5,79%.

Í upphafi ársins 1999 var sett gjaldskrá ráðherra sem var í samræmi við síðustu verðlagsbreytingu á árinu 1998 en breytingar á gjaldskrá á því ári urðu samtals þrjár og námu rúmlega 3%, þótt vísitala neysluverðs hækkaði einungis um 1,32% á því ári. Gjaldskrárbreyting í upphafi árs 1999 var því ekki nauðsynleg til að fylgja verðlagi.

Útgjaldataölur urðu sem hér segir, sbr. niðurstöður töflu 1 (uppreiknuð útgjaldataala ársins 2000 er til samanburðar innan sviga, sbr. töflu 4):

1998:	776.971.926 kr.
1999:	925.674.714 kr. (20. janúar 1999 var sett gjaldskrá ráðherra.)
2000:	961.986.508 kr. (1.010.306.321)

Tafla 4. Útgjöld vegna tannlæknaðnaðar árið 2000 í raun og miðað við verðlagsbreytingar:

	Raunútgjöld	Miðað við verðlagsbreytingar
Börn og unglingar 17 ára og yngri, 60–100%	500.138.424	529.095.990
Ellli- og örorkulífeyrisþegar á stofnunum, 75–100%	32.799.215	34.698.062
Ellli- og örorkulífeyrisþegar með tekjutryggingu, 50–75%	202.171.376	213.876.700
Ellli- og örorkulífeyrisþegar án tekjutryggingar, 50%	46.349.732	49.033.381
Börn í umönnunarflokkum 1–3 og andlega þroskahamlaðir á vistheimilum og sambýlum, 90%	11.080.756	11.722.331
	792.539.503	838.426.464
Tannlækningar vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa, skv. 33. gr. almannatryggingalaga		
Tannréttingar (ekki gjaldskráratriði)	127.428.826	127.428.826
Aðrar tannlækningar en tannréttingar	42.018.179	44.451.031
	169.447.05	171.879.857
	961.986.508	1.010.306.321

2. *Hve mikil er hlutfallsleg lækkun, sbr. 1. tölul., árlega sl. þrjú ár skipt milli hópa? Hvað má ætla að sú lækkun sé mikil í fjárhæðum að raungildi í heild? Sérstaklega óskast sundurgreind lækkun endurgreiðslna á þessum tíma fyrir lífeyrisþega annars vegar og börn með umönnunargreiðslur og andlega þroskahamlaða einstaklinga 17 ára og eldri hins vegar miðað við endurgreiðslur Tryggingastofnunar til þessara hópa sl. þrjú ár.*

Ekki er gert ráð fyrir því að til gjaldskrárbreytinga vegna breytinga á verðlagi hefði þurft að koma fyrr en í ársbyrjun ársins 2000 og þá með tilliti til breytinga á verðlagi ársins 1999, sem var 5,79%. Hlutfallsleg lækkun endurgreiðslna á árinu 2000 er því í samræmi við það, eða tæp 5,5%. Skipting milli hópa samkvæmt því hlutfalli kemur fram aftari dálki í töflu 4.

Lækkunin nemur 48.319.813 kr. á verðlagi ársins 2000 eða tæplega 52 millj. kr. á verðlagi ársins 2001.

Ef gjaldskrá hefði hækkað samkvæmt verðlagsþróun hefðu greiðslur til lífeyrisþega á árinu 2000 orðið rúmum 16 millj. kr. hærri en þær urðu í raun og á sama hátt hefðu endurgreiðslur til umönnunar barna og þroskaheftra orðið rúmlega 600 þús. kr. hærri, sem er hvort tveggja lækkun á endurgreiðslum um tæp 5,5%.

3. *Hvers vegna beitir ráðherra ekki ákvæðum 37. gr. almannatryggingalaga og setur einhliða gjaldskrá sem tekur mið af verðlagsþróun sl. þrjú ár?*

Vinna að nýrri og einfaldari gjaldskrá, sem er gegnsærri og skýrari og meira í samræmi við það sem viðgengst í nágrannalöndum okkar, hefur staðið yfir nú um nokkurt skeið. Gert er ráð fyrir að því verki ljúki á þessu hausti.

Tillit verður tekið til verðlagsþróunar í hinni nýju gjaldskrá.

4. *Hver er staðan núna í samningaviðræðum milli Tannlæknafélags Íslands og Tryggingastofnunar, hver eru helstu ágreiningsatriðin að mati ráðherra og hvað hyggst ráðherra gera til að leysa þann hnút sem samningamálin eru komin í? Mun ráðherra beita sér fyrir því að þeir sem hafa fengið skerta endurgreiðslu sl. þrjú ár fái mismun á nýrri og eldri gjaldskrá greiddan?*

Samningaviðræður Tryggingastofnunar ríkisins við Tannlæknafélags Íslands hafa staðið yfir með styttri eða lengri hléum frá því um haustið 1998. Á þeim tíma hefur samninganefnd Tryggingastofnunar lokið tugum kjarasamninga við allar þær aðrar heilbrigðisstéttir sem viðskipti hafa við stofnunina. Engum viðræðum samninganefnda hefur lokið án samnings. Tannlæknar hafa hins vegar verið nokkuð sér á parti og virðast ekki hafa haft skýr samningsmarkmið.

Haustið 1998 lágu fyrir nánast fullgerð samningsdrög við samninganefnd tannlækna þegar stjórnarbreyting varð í Tannlæknafélagi Íslands. Samningsdrögin voru þá lögð til hliðar þar sem ný forusta Tannlæknafélagsins lýsti yfir áhuga sínum á að halda verðlagningu frjálstri og hafði því ekki áhuga á samningi við Tryggingastofnun um gjaldskrá.

Engu síður fóru fram viðræður við forustu Tannlæknafélags Íslands í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu og mikil vinna lögð í að ná samkomulagi sem lá fyrir í stórum dráttum þegar þeirri forustu var einnig hafnað af aðalfundi Tannlæknafélagsins og nýir menn komu til skjalanna. Allt þetta ár hafa farið fram gagnlegir fundir á vegum landlæknisembættisins með nýrri forustu Tannlæknafélagsins til að ná landi í samvinnu aðila og standa vonir til að fundirnir leiði til betra samkomulags.

Þrátt fyrir áhugaleysi Tannlæknafélags Íslands um gjaldskrá hafa tannlæknar engu síður viljað hafa áhrif á uppsetningu ráðherragjaldskrárinnar og koma sjónarmiðum sínum á framfæri án nokkurra skuldbindinga. Að frátöldum fyrrgreindum erfiðleikum hafa viðræður einkum snúist um svokallaðan forvarnarpakka fyrir börn og samskiptareglur milli Tryggingastofnunar og Tannlæknafélagsins. Í reynd er ekki mikið sem skilur á milli aðila í því efni.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið leggur mikla áherslu á að ná samningi við Tannlæknafélag Íslands um forvarnarpakka fyrir börn, þ.e. að tannlæknar samþykki að veita börnum tiltekna þjónustu á föstu verði. Þannig verði tryggt að foreldrar fái fulla forvarnaþjónustu fyrir börn sín með endurgreiðslufyrirkomulagi eða beingreiðslum til tannlækna eftir því sem um semst.

Stefnt er að því að samningafundir hefjist að nýju nú í þessum mánuði.

Önnur leið, sem ekki hefur verið íhuguð nánar meðan enn er von til að samningar náist, er að bjóða einstökum tannlæknum sem það vilja samning um forvarnarpakka og gjaldskrá, svokallað útboð á þjónustu á grundvelli verktöku.

Ráðherra mun ekki beita sér fyrir því að þeir sem hafa fengið skerta endurgreiðslu sl. þrjú ár fái mismun á nýrri og eldri gjaldskrá greiddan. Eins og áður kom fram hafa útgjöld vegna tannlækninga í heild verið í samræmi við verðlagsþróun og fjölgun sjúklinga.

Á yfirstandandi ári hefur verðlag hækkað um 7,56% en útgjöld til tannlækninga hafa aukist um 11,2%.